

1039. Stjórnarfundur VR

Haldinn föstudaginn 29. janúar 2010 kl. 12:00 í Kringlunni 7 á 0 hæð.

Mætt voru: Kristinn Örn Jóhannesson, Ásta Rut Jónasdóttir, Ágúst Guðbjartsson, Benedikt Vilhjálmsson, Bjarki Steingrímsson, Guðrún J. Ólafsdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Sigríður Stefánsdóttir, Stefanía Magnúsdóttir, Þorlákur Jóhannesson og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Samþykkt fundargerðar

Afgreiðslu frestað.

2. Nýársfundur

Kristinn Örn þakkaði fundarmönnum fyrir mætingu á fundinn en ljóst sé að fara þurfi í póstkosningu sem gæti hafist á mánudaginn kemur (01.02 2010). Kristinn Örn fékk umboð til þess að klára það mál.

3. Frambjóðendur í Lv-framlagning gagna

Kristinn Örn lagði fram gögn um alla frambjóðendur. Samþykkt að uppstillingarnefnd kalli frambjóðendur til sín til viðtala.

4. Framganga varaformanns

Þessi fundarliður var að ósk Ragnars Þórs Ingólfssonar og lagði hann fram tvær tillögur í skjali dags. 29.01 2010 svohljóðandi:

„Reykjavík Dags. 29.01 2010

Undirritaður stjórnarmaður í VR fer fram á að varaformaður VR Ásta Rut Jónasdóttir verði áminnt um að fjalla ekki frekar um tölvupóstsamskipti stjórnarmanna og umræður á stjórnarfundum, á öðrum vettvangi en stjórnar félagssins. Telur undirritaður Ástu hafa brotið gegn trúnaðaryfirlýsingu sem stjórnin samþykkti 13. maí 2009. m.a. á fundi trúnaðarráðs þann 11. Janúar síðastliðinn.

Telur undirritaður hæfilegt að áminna Ástu í þessu sambandi og láta þar við sitja. Skora ég á stjórnina að gefa ekki villandi skilaboð til félagsmanna um að útvaldir stjórnarmenn hafi heimild til að brjóta gegn samþykktum stjórnar en aðrir ekki.

Þar sem ég tel einkar óheppilegt að varaþingmaður framsóknarflokksins gegni stöðu varformanns VR vil ég gera það að tillögu minni að Stefanía Magnúsdóttir sinni embætti varaformanns út kjörtímabilið. Ég tel við hæfi vegna þess sem á undan er gengið að hún klári kjörtímabilið, eftir áratuga þjónustu fyrir félagið sem stjórnarmaður og Varaformaður þess.

Vona ég að stjórnin geti náð sátt sem ein heild um þá lausn.

Sting uppá Jóhönnu Rúnarsdóttur til vara.

Virðingarfyllst.

Ragnar Þór Ingólfsson.“

Ásta Rut veitti andsvar með eftirfarandi bókun sem hún las upp:

„Bókun lögð fram á stjórnarfundum VR 29. janúar 2010

Vegna beiðni Ragnars Þórs Ingólfssonar um áminningu á varaformann VR.

Fundir trúnaðarráðs VR eiga að vera vettvangur skoðanaskipta innan VR, enda getur trúnaðarráðið tekið veigamiklar ákvarðanir um málefni félagsins. Fjallað er um þetta hlutverk trúnaðarráðs VR í 1. mgr. 14. gr. laga félagsins. Þar segir:

Í félaginu skal starfa trúnaðarráð sem skal vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri málefni sem upp koma í starfsemi félagsins s.s. við gerð kjarasamninga og meiriháttar framkvæmda á vegum félagsins. Auk þess skal trúnaðarráð gera annað það sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

M.v. framgreinda grein laga VR eiga stjórnarmenn að hafa meira svigrúm til að tjá sig um málefni félagsins á lokuðum fundum trúnaðarráðsins en á opinberum vettvangi. Telja verður edlilegt að opinskáar umræður um viðfangsefni stjórnarinnar eða málefni félagsins fari fram á lokuðum fundum í trúnaðarráði félagsins sér í lagi þegar búið er að bóka tiltekin mál í fundarbækur félagsins.

Bókað hefur verið á stjórnarfundum að stjórnarmenn vilji og eigi að starfa saman sem ein heild og að vilji sé til þess meðal stjórnarmanna að leggja til hliðar persónulegan ágreining. Lítið hefur farið fyrir efndum í þessu en jafnan eftir að stjórnarfundum lýkur hefur stjórnin sem heild og einstaka stjórnarmenn orðið fyrir aðkasti og persónulegum árásum meðstjórnenda sinna. Eðli málsins samkvæmt var samstarf innan stjórnar VR rætt á lokuðum fundum trúnaðarráðs að beiðni trúnaðarráðsmanna þar sem persónulegar ákúrar í minn garð höfðu áður gengið í tölvupósti til trúnaðarráðsins. Að ég hafi útskýrt á lokuðum trúnaðarráðsfundi málsatvik verður að teljast edlilegt m.v. lög félagsins.

Ásta Rut Jónasdóttir

Varaformaður VR“

Tillögu Ragnars Þórs um að Ásta Rut yrði áminnt var vísað frá með atkvæðum 10 stjórnarmanna.

Tillögu Ragnars Þórs um að Stefanía taki við sem varaformaður VR var vísað frá með atkvæðum 8 stjórnarmanna.

5. Áskorun Bjarka Steingrímssonar, Guðrúnar Jóhönnu og Ragnars Þórs

Kristinn Örn las upp eftirfarandi tillögu um ályktun vegna áskorunar þeirra Bjarka, Guðrúnar og Ragnars:

„Frá meirihluta stjórnar VR

Meirihluti stjórnar VR hefur sent frá sér ályktun sem birt er hér að neðan vegna áskorunar frá þremur stjórnarmönnum. Áskorunina má sjá í heild sinni hér.

Ályktun stjórnar VR dags. 29. janúar 2010

Á þeim 24 stjórnarfundum sem hafa verið haldnir frá því ný stjórn tók við í VR í apríl sl. hafa stjórnarmennirnir Bjarki Steingrímsson, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir og Ragnar Þór Ingólfsson ekki lagt fram eina einustu formlega tillögu sem tengist þessari áskorun þeirra á nokkurn hátt né almennum kjarabaráttumálum félagsmanna VR.

Öll orka þeirra hefur farið í að gera meðstjórnendur sína og starfsmenn VR tortryggilega að ósekju. Markmið þeirra virðist vera að sundra samstöðu launþegahreyfingarinnar og samstarfi hennar við stjórnvöld, sveitarfélög og atvinnurekendur um aðgerðir í efnahagsmálum, atvinnumálum og málefnum heimilanna. Þessar aðgerðir felast m.a. í stöðugleikasáttmála þeim sem undirritaður var í sumar.

Vissulega hafa væntingar þær sem launþegahreyfingin gerði til sáttmálans ekki gengið fullkomlega eftir. Því er afstaða til hans lögð í kalt hagsmunamat með reglubundnum hætti innan ASÍ. Stuðningur við sáttmálann er langt frá því að vera sjálfgefinn en hann hefur enn sem komið er skilað jákvæðum ávinningi til launafólks.

Næg verkefni eru framundan sem krefjast samstöðu stjórnar, áræðni og samhugar en ekki samsæriskenninga, sundrungar og undirróðurs eins og fyrrnefndir stjórnarmenn hafa því miður sýnt. Á það jafnt við á opinberum vettvangi sem og á fundum og í öðrum samskiptum stjórnarmanna. Umræddir stjórnarmenn kröfðust þess að greidd yrðu atkvæði um ályktun sem þeir kynntu stjórn og birtu opinberlega áður en umræða um hana hafði farið fram á vettvangi stjórnar. Því var vísað frá.

Afstaða meirihluta stjórnar VR er skýr og vill hún koma á framfæri eftirfarandi svörum við einstökum liðum áskorunarinnar.

1. Afnámi verðtryggingar tafarlaust og þak verði sett á vexti.

Í frjálsum markaðskerfum ákvarðast vextir og lánakjör á markaði og grundvallast á lánasamningum á milli lántaka og lánaveitanda. Það eru kostir og gallar við verðtryggð lán. Fyrir suma er kosturinn sá að afborganir eru lægri í upphafi en fara svo hækkandi út lánstímann. Til lengri tíma litið getur slíkt hentað lántökum vel.

Fyrir aðra henta hefðbundin nafnvaxtalán, en greiðslubyrði þeirra er þungri í upphafi öfugt við verðtryggð lán og er greitt af höfuðstól frá upphafi.

Skilja má kröfu þremmingana þannig að þeir krefjist neikvæðra raunvaxta enda ekki ljóst hvar þeir vilja að vaxtaþakið liggi. Hvernig neikvæð ávöxtun getur samrýmst hagsmunum efnahagslífsins og t.d. sjóðfélaga í lífeyrissjóðum er vandséð. Er það virkilega ásetningur þremmingana að rýra eignir lífeyrissjóðsfélaga enn frekar sem myndi hafa í för með sér lækun á greiðslum til elli- og örorkulífeyrisþega núna og í framtíðinni? Vilja þeir jafnvel ganga enn lengra og afnema verðtryggð afkomuréttindi þeirra líka? Lítil er samúð þeirra og samkennd með öldruðum og öryrkjum.

Notkun verðtryggingar hér er alltof víðtæk og hefur skapað vítahring sjálfvirkra verðhækkana. Alþekkt er að fyrirtæki og stofnanir hafi réttlætt gjaldskrárhækkanir með vísan í vísitöluhækkanir án þess þó að þær hafi haft nokkur áhrif á rekstrargjöld þeirra. Þennan vítahring þarf að rjúfa.

Sömuleiðis er það þjóðþrifamál að berjast fyrir niðurfellingu opinberra gjalda eins og stimpilgjalda sem hamla samkeppni á lána- og bankamarkaði.

2. Raunverulegum úrræðum vegna myntkörfulána og stökkbreyttum höfuðstól húsnæðislána og hafni því úrræðaleysi sem í boði er.

Hér er fullyrt að öll núverandi úrræði séu „óraunveruleg“. Ekki er hægt að taka undir það þó þau henti fólki misjafnlega. Úrræði af þessi tagi verða að vera efnahagslega og samfélagslega framkvæmanleg og gæta þarf jafnræðis og réttlætis. Stjórnvöld, í samráði við aðila vinnumarkaðarins - og þar með VR - eru að vinna og þróa frekari úrræði í gegnum stöðugleikasáttmálann. Vonandi kemur afrakstur þeirrar vinnu bráðlega í ljós.

3. Að mótmæla harðlega glórulausum neyslusköttum sem engu skiluðu nema hækkun á neyslúvísitölu, húsnæðislána og aukinni kaupmáttar rýrnun.

Þetta hefur þegar verið gert. Stjórn VR samþykkti, að frumkvæði formanns, og sendi frá sér áskorun til stjórnvalda þann 7.10.2009 en í henni segir m.a.: „Stjórn VR skorar á ríkisstjórnina og alþingi að nota tækifærið nú til að leiðrétta óréttlæti fyrri stjórnna, að hækka skattleysismörk verulega og hækka skattprósenta á móti. Þannig má laga skattbyrðina og færa upp á við í tekjustiganum. Einnig bendir VR á þá leið að taka upp fastskattavísitölu sem drægi úr áhrifum neysluskatta á vísitölu til verðtryggingar og að frekari áhersla verði lögð á beina skatta. Þannig má forðast óþarfa hækkun á höfuðstól og afborgunum verðtryggðra lána almennings þrátt fyrir nauðsynlega tekjuöflun ríkisins.“

Einnig tók VR þátt í könnun og ráðstefnu með FÍS um skattamál þar sem skattaáform ríkisstjórnarinnar voru harðlega gagnrýnd.

4. Stuðningi við Hagsmunasamtök Heimilanna.

Frá því ný stjórn tók við í VR í apríl hefur enginn þremmenninganna lagt formlega fram tillögu til stuðnings HH. Starf samtaka af þessu tagi er hins vegar að mati stjórnar gott tæki til að halda stjórnvöldum og öðrum við efnið við að leysa úr skuldavanda heimilanna. En stjórn VR getur ekki stutt Hagsmunasamtök heimilanna meðan þau eru í samstarfi við samtökin Nýtt Ísland sem varla er hægt að lýsa öðruvísi en sem öfgasamtökum. Ljóst þykir að stjórnarmennirnir þrír, Bjarki, Guðrún og Ragnar, hafa sterk tengsl við þessi samtök sem einhverra hluta vegna hafa beint spjótum sínum að VR. Hvað vakir fyrir samtökunum með árásum sínum á VR vitum við hins vegar ekki.

5. Áframhaldandi frest á nauðungarsölu.

Í gildi eru lög sem fresta lokaákvörðun um sölu á íbúðarhúsnæði fram yfir 28. febrúar næstkomandi. Tilgangurinn með frestinum er að gefa skuldurum kost á að nýta sér þau úrræði sem í boði eru til að koma fjármálum sínum á réttan kjöl, t.d. með samningum við kröfuhafa eða greiðsluaðlögun. Framlenging á þessum fresti er til skoðunar hjá dómsmálaráðherra. Stjórn VR er hlynnt því að veita skuldurum allt það svigrúm sem mögulegt er.

6. Lagasetningu um að veðköll takmarkist við þá eign sem lánað var út á.

Veðkall er það kallað þegar sá sem veitir lán til verðbréfakaupa með veði í verðbréfunum sjálfum þarf að kalla eftir auknum tryggingum fyrir láninu vegna þess að hin undirliggjandi eign, þ.e. verðbréfin, hefur fallið í verði. Ef lántaki getur ekki aflað aukinna trygginga getur lánveitandi gripið til þvingaðrar sölu, þ.e. selt eignina og gert upp lánessamninginn með söluandvirðinu. Oft er talað um þetta sem framvirka samninga.

Það getur vart verið á borði stéttarfélags að skipta sér af framkvæmd verðbréfaviðskipta og spákaupmennsku en þessi krafa rennir frekar stoðum undir þann grun að títtnefndir stjórnarmenn; Bjarki, Guðrún og Ragnar, gangi erinda einhverra annarra en launamanna.

7. Lagabreyting leiði til þess að við uppgjör skuldar fyrnist eftirstöðvar innan 5 ára og verði ekki endurvakin.

Almennt er það svo að þegar skuld er gerð upp er hún að fullu greidd. Þetta er því óskiljanleg og óþörf krafa.

8. Að VR lýsi yfir vantrausti á Gylfa Arnbjörnsson og forystu ASÍ og hafni stöðugleikasáttmála þeim er samþykktur var í vor enda allar forsendur hans löngu brostnar.

Þær fullyrðingar sem birtast í þessari kröfu lýsa fordæmalausri vanþekkingu og fordómum. Ekki er hægt að túlka þetta á annan hátt en að áskorendur geri lítið úr kjörnum fulltrúum í 120 þúsund manna samtökum og öllum þeim fulltrúum sem kosið hafa þá til trúnaðarstarfa.

9. Að þessi áskorun verði birt á heimasíðu VR.

Áskorunin verður birt ásamt svörum á heimasíðu félagsins.

10. Að VR verði aftur sjálfstætt og leiðandi afl í kjara og hagsmuna baráttu launafólks.

VR er sjálfstætt og leiðandi afl í hagsmunabaráttu launafólks. Það væri óskandi að „áskorendurnir“ tækju þátt í því starfi í samvinnu við aðra stjórnarmenn VR, starfsmenn og önnur launþegasamtök ella snéru sér að öðru.

Frá meirihluta stjórnar VR“

Guðrún Jóhanna lagði í þessu samhengi fram eftirfarandi bókun:

„Bókun

Gögn fyrir stjórnarfund 29. janúar bárust útvöldum stjórnarmanna en ekki allra. Kristinn Örn staðfesti það.

Guðrún Jóhanna Ólafsd.“

Umræður.

Ályktunin var samþykkt með 10 atkvæðum gegn 3.

Önnur mál

Bjarki lagði fram eftirfarandi bókun sem hann las upp:

„Bókun

Dapurlegt er að fá sönnur á að nýkjörinn formaður sendi ekki fundargögn á

*minnihlutann heldur bara á meirihlutann eins og upplýstist óvart á fundi stjórnar í dag 29.01.10.
Bjarki S. “*

Kristinn Örn las upp tillögu að eftirfarandi ályktun:

„Ályktun meirihluta stjórnar VR

Meirihluti stjórnar VR harmar að nokkrir stjórnarmenn í félaginu tengist samtökum sem virðast m.a. hafa það á stefnuskrá sinni að leggja niður Alþingi Íslendinga. Samtök þessi, Nýtt Ísland, voru stofnuð í tengslum við kosningar í VR á síðasta ári en beina nú kröftum sínum að því að brjóta félagið niður.

Samtökin Nýtt Ísland lögðu upp með það að ná völdum í VR í kosningum um forystu félagsins á síðasta ári en formannsefni þeirra náði ekki kjöri. Síðan hafa samtökin beint spjótum sínum að VR, m.a. með dylgjum og óhröðri á vefsíðu samtakanna. Hvað vakir fyrir þeim vitum við ekki en hins vegar er ljóst að þrír stjórnarmenn í VR, Bjarki Steingrímsson, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir og Ragnar Þór Ingólfsson, hafa sterk tengsl við þessi samtök.

Meirihluti stjórnar VR harmar að stjórnarmenn í félaginu leggi lag nafn sitt við samtök af því tagi sem hér um ræðir. Til marks um þá stefnu sem samtökin aðhyllast er eftirfarandi sem birt er á heimasíðu þeirra:

- *Við erum hægrisinnaður félagsskapur sem er til í að styðja enn frekar undir sjálfstæði Íslendinga.*
- *Lífeyrissjóðum fækkað úr 29 í einn.*
- *Ríkisstarfsmönnum fækkað verulega. Öllum millistjórnendum, framkvæmdastjórum og forstjórum sagt upp á 1.- 3ja ára uppsagnafresti.*
- *Utanþingstjórn / starfsstjórn verði komið á sem fyrst.*
- *Smá sem stór brot verði skilgreind í hertari refsiramma þar sem það á við.*
- *Lýðreglu verði komið á ásamt sérstakri lögreglu sem vinnur í leyni að því að útrýma almennri glæpastarfsemi á Íslandi .*
- *Fangelsi gerð rammgirtari og fjölgað. Skylduvinna og ábótakerfi fyrir fanga verði komið upp.*
- *Er það nauðsynlegt að við Íslendingar þurfum 63 þingmenn? Þurfum við Alþingi? Þurfum við stjórnmalaflokka? Er hægt að hugsa Ísland án stjórnmalaflokka?*

Frá meirihluta stjórnar VR.“

Tillaga Kristins Arnar að ályktun meirihluta stjórnar var samþykkt með 8 atkvæðum, 3 á móti og einn sat hjá.

Eftirfarandi bókun barst í tölvupósti frá Guðrúnu Jóhönnu dags. 29.01 2010 kl. 13:37:

„vegna álykun meirihlutar stjórnar VR um aðild mína að samtökunum Nýtt Ísland vil ég láta bóka það að ég styð suma hluti sem Nýtt Ísland stendur fyrir

*en ekki allt. Eins styð ég sum atriði annara hagsmunasamtaka þar með talið Hagsmunasamtök heimilana. Eins vil ég lát koma fram að þó ég hafi verið hlynt 20% niðurfellingu lána sem sem Framsóknarflokkurinn boðið fyrir síðustu kosninga þá gerir það ekki mig að framsóknarmanni.
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir“*

Bjarki las upp og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Bókun

Ég harma að stjórn VR segir mig einn af forsvarsmönnum félags sem heitir nýtt Ísland og dylgi um mig sem einn af höfundum stefnu sem nýkjörinn formaður las upp og ég þekki ekki.

Bjarki S. 29.01.10

Bókun

Trúnaðaryfirlýsing sem ég skrifaði undir 11.05.09 stendur ef einhver vafi er um málið.

Bjarki S. 29.01.10“

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:20